



**BÚGARÐUR**  
Ráðgjafafjónusta á Norðausturlandi

# Fréttir og fróðleikur

Apríl 2011 Nr. 3 XXXIX. Árg. Nr.247

Ritstjóri: Vignir Sigurðsson

## ***Aðalfundur BSE verður haldinn í Hlíðarbæ miðvikudaginn 13. apríl nk.***



### **Dagskrá fundar er eftirfarandi:**

- Fundarsetning og skipan starfsmanna.
- Skýrslur stjórnar og framkvæmdastjóra.
- Reikningar.
- Umræður um skýrslur og reikninga.
- Kosningar. Kjósa þarf 2 menn í stjórn í stað Svönu Halldórsdóttur og Sigurgeirs B. Hreinssonar og 2 varamenn. Sigurgeir gefur kost á sér áfram en Svana ekki. Kjósa þarf tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Einnig er kosið um formann og varaformann í stjórn.
- *Starfsemin á Möðruvöllum*  
Ingvar Björnsson ráðunautur.
- *Landbúnaður og eldsneytisframleiðsla*
- Guðmundur Haukur Sigurðarson hjá verkfræðistofunni Mannviti
- *Varnarlínur BÍ vegna ESB*  
Haraldur Benediktsson formaður Bændasamtaka Íslands
- Framlagning mála
- Nefndarstörf og afgreiðsla mála.
- Önnur mál.

Fundarslit áætluð um kl. 16:00

*Heitt á könnunni frá kl. 10:00 og fundurinn hefst fljótlega upp úr því.*

Í hádegishléi verða verðlaunaveitingar. Veitt verða hvatningarverðlaun BSE ásamt verðlaunum fyrir góðan árangur í sauðfjárrækt og nautgripærækt.



## Fríar fitusýrur í mjólk



Mjólkurfita er í einingum sem mynda með sér litlar fitukúlur og eru umluktar þunnri prótein-himnu. Himnan verndar fitukúlurnar en ef hún rofnar komast ensím að, fitusýrur losna og beiskja kemur fram í mjólkinni. Eftir því sem fitukúlurnar verða stærri í mjólkinni er meiri hættu á að þær verði fyrir hnjaski og að himnan rofni með tilheyrandi sundrun fitusýranna.

Fríar fitusýrur í mjólk, FFS, eru mældar í mikrómolum á hvern ml mjólkur og frá 1. jan. sl. var tekin upp verðskerðing í samlagi þar sem miðað er við faldmeðaltal\* mánaðar. Í 1. flokk er viðmiðunargildið undir 1,1 mikrómol/ml, mjólk með >1,1 til 1,8 mikrómol/ml flokkast í 2. flokk og verðfellingin er 5% og loks fer mjólk með >1,8 mikrómol/ml í 3. flokk þar sem verðfellingin er 15%.



**PUMALFINGUR-  
VIÐMIÐ** ef um er að  
ræða há gildi FFS í  
tankmjólk:

EF kýrsýnin sýna stöðugt háar FFS-tölur er líklegra að fóðrun/gripum eða mjaltatækinu sé um að kenna (hafa þó í huga að við sýnatökuna verður sýnið fyrir hnjaski með tilheyrandi hættu á sprenginu fitukúlanna og háum gildum fitusýra).

EF kýrsýnin eru ekki að sýna viðvarandi há gildi FFS er líklegra að vandamálið megi frekar rekja til vél-búnaðarins (mjaltir og meðhöndlun

### Tæknin

- Með miklu lofti í hlutfalli við mjólkina aukast líkur á því að fitukúlurnar eyðileggist. Varast skal því öll loftskot og loftleka (minnst mögulegt loftinntak á leið mjólkur frá mjóltum), laga léglegar þéttingar, slöngugöt og stíflaðar slöngur, hafa mjaltakerfið rétt stillt.
- Með því að kæla mjólkina má hægja verulega á starfsemi ensímanna sem sundra fitueinin-gunum. Of mikil kæling og frysting valda hins vegar aukinni hættu á eyðilegginu fitukúlanna. Forkæling minnkar hitasveiflur í tankmjólkinni sem er jákvætt en mikil hræring í litlu mjólkurmagni er neikvæð ásamt mikilli freyðingu (ekki hræra fyrr en mjólk flýtur yfir spaðann).
- Best er að hafa "milda" yfirfærslu mjólkur yfir í tankinn og alls ekki að hafa of stóran tank í hlutfalli við mjólkurframleiðslu búsins.

### Skepnan

- Aukin hættu er á fríum fitusýrum hjá kúm sem eru að mjólka af sér (4-6 vikur e. burð "kritiska" tímabilið) og gott viðmið að þær séu ekki að taka af sér meira en ½ til 1 holdstig frá burði, lengra tímabil undirfóðrunar lengir tímabilið þar sem meiri hættu er á hærra hlutfalli fitusýra í mjólk frá þeim.
- Fita í mjólk kúa sem langt eru komnar út í mjaltaskeiðið inniheldur óstöðugar fitukúlur með tilheyrandi hættu á sundrunu. Aukin mjaltatíðni á sinn þátt í því þannig að þessa gripi ætti ekki að mjólka oftar en 2x á dag í mjaltþjónafjósum, þó svo FFS-tölur viðkomandi gripa séu lágar (fyrirbyggja).

- Fall í nyt getur haft neikvæð áhrif á fitukúlurnar og þar með sundrung þeirra auk þess sem undirliggjandi sjúkdómar (júgurbólga, lysterleysi, súrdoði o.fl.) raska efnasamsetningu mjólkur og þar með fitukúlumyndun sem verða veikari fyrir himnurofi.

### Fóðursamsetning

- Með aukinni hlutdeild fitu í fóðurskammtinum, einkum mettuð fita, eykst þvermál fitukúlanna og þar með eru meiri líkur á auknu magni frírra fitusýra í mjólkinni (hérlandis eru fóðurskammtar innan þessara marka og fitugjafar í kjarnfóðri innihalda meira ómettaða fitu, t.d. sojamjöl og fiskimjöl).
- Hærra hlutfall ómettaðrar fitu hefur jákvæð áhrif á fitusýrusamsetninguna, beitin inniheldur hærra hlutfall slíkrar fitu og kemur til jákvæðra áhrifa.
- E-vítamín og selen hafa jákvæð áhrif á minnkun frírra fitusýra og stöðugleika þeirra (í kjarnfóðurlöndunum eru þessi efni íbætt að teknu tilliti til þarfa mjólkurkúnna).
- Fóðrun samkvæmt næringarþörfum gegnum allt mjaltaskeiðið gefur grunnlag að stöðugum fitukúlum sem þola hnjask betur, veiku hlekkirnir eru einkum kringum burð ("krítiska" tímabilið) og við fóðurskipti.

Stöðugleiki fitukúla og hófleg stærð þeirra auka líkurnar á að hráefnið standist kröfur vélbúnaðarins sem er í fjósunum!

\* Faldmeðaltal er n rötin af margfeldi niðurstaðanna þar sem n er fjöldi niðurstaða í margfeldinu.

### Fákar og fjör !

Stórsýning  
norðlenskra hesta  
og hestamanna  
verður haldin í  
reiðhöllinni á  
Akureyri 16. apríl.

Frábær skemmtun fyrir alla fjölskylduna. Athugið:  
Sýningin hefst kl. 18:00.



### DNA sýnataka—hrossa

Ég stefni á að vera við DNA  
sýnatöku hrossa í vikunni 26.-29  
apríl. Þeir sem vilja láta taka sýni  
hafi samband sem fyrst við mig í síma 460-  
4477, gsm 896-1838 eða á netfangið  
vignir@bugardur.is.

**DNA**

Verðskrá er nú eftirfarandi:

Greining á sýni 5.200.-

Komugjald 2.100.-

Tímagjald 5.500.- (35% afsl til félaga í BSNP,  
BSE og BSSP).

Ekki er innheimt fyrir akstur.

### Kynbótasýningar á Norðurlandi í vor/sumar

28.4 - 29.4	Sauðárkrókur
16.5 - 20.5	Dalvík
23.5 - 27.5	Blönduós
30.5 - 3.6	Sauðárkrókur
6.6 - 10.6	Akureyri

### Síðsumarsýningar á Norðurlandi

Áætlaðar eru þrjár síðsumarsýningar á  
Norðurlandi í ágúst. Á Blönduósi,  
í Skagafirði og á **Melgerðismelum í  
Eyjafirði**. Verður það auglýst þegar nær  
dregur.

## VIÐHORF BÆNDA

Er ekki veröldin dásamleg þegar sól fer að hækka á lofti, daginn að lengja og komin smá skíma þegar farið er í fjós á morgnana. Ekki bara það, að farið er að birta fyrr, heldur virðist bjartara framundan þegar svona er. Vorið að nálgast og vonandi fer klakinn að renna af túnunum svo ekki verði miklar kalskemmdir í vor, nóg er af öðru til að hafa áhyggjur af. Það er líka rétt komin smá hækkun á mjólkina, nautakjötið hefur einnig hækkað og frekar vöntun á því þannig að þrýst gæti verið á innflutning. Þá verðum við að framleiða meira, verst hvað það tekur langan tíma. Í dag fæst orðið þokkalegt verð fyrir lambakjöt á erlendum mörkuðum sem ekki veitir af því erfitt er að koma út hækkunum á innlandan markað. Ekkert virðist vera að rofa til hjá svínabændum sem ekki veitir af hækkunum á afurðarverði frekar en öðrum. Það er ekki þar með sagt að þær hækkunarir sem fengist hafa þyrftu ekki að vera meiri til þess að við fengjum fyrir kostnaði við framleiðsluna.

Þá að allt öðru. Fyrir nokkrum árum fór ég ásamt fleirum á Íslendingaslóðir í Kanada og hitti þar einn aldinn bónda ættaðan úr Köldukinn sem rak þarna margverðlaunað ræktunarbú og talaði ágæta íslensku. Hann sagði að íslenskir bændur ættu að gera allt sem þeir gætu til að eignast afurðastöðvarnar því í framtíðinni myndi það styrkja samfélag bændna að eiga þær og reka. Kanadískir bændur hefðu átt allar afurðarstöðvar í Kanada en með ógætilegu samstarfi við aðra hefðu þeir glatað eignarhaldinu. Þeir hefðu nú enga aðkomu að stöðvunum og yrðu að sætta sig við það sem að þeim væri rétt. Ég trúir því sem hann sagði og hef síðan talað fyrir því að bændur eignist afurða- og úrvinnslustöðvarnar bæði í mjólk og kjöti og kaupi út aðra eigendur eftir því sem efni og aðstæður leyfa. Við verðum að reikna með að þessar einingar muni þegar fram líða stundir skila einhverjum rekstrarafgangi og þá verður hann örugglega eftir hjá bændum. Framtíð landbúnaðar á Íslandi er björt ef við bændur berum gæfu til að standa saman og lendum ekki inn í ESB, munum að við erum öll háð hvort öðru hvaða búgrein sem við stundum.

Geir Árdal, Dæli

*Ég skora á Sigurgeir Pálsson á Sigtúnum að rita næsta pistil.*

### **KLAUFSKURÐARMÆÐUR ÓSKAST TIL STARFA**

Búnaðarsamband Eyjafjarðar óskar eftir að ráða laghentan einstakling til að sjá um klaufskurð kúa. Verkið er unnið í nýlegum og fullkomnum klaufskurðarbás sem er í eigu BSE og BSSP. Starfssvæðið er Eyjafjörður og S.-Þingeyjarsýsla og einnig hafa verið farnar ferðir á Austurland. Ekki er um fullt starf að ræða og er reynt að safna saman bæjum og ákveðnum svæðum til að nýta tíma og ferðir sem best. Vinnutími er því sveiganlegur og getur hentað vel með öðrum verkefnum. Nánari upplýsingar veitir Vignir í síma 460-4477.